

**273. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 14. ágúst 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2208072 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 - 2026**

Farið yfir stöðu framkvæmda á árinu 2023

*Starfsmenn á Skipulags- og umhverfissviði fóru yfir helstu fjárfestingar- og framkvæmdarverkefni á árinu 2023.*

**2. 2308069 - Viðhald fasteigna 2023**

Farið yfir viðhald fasteigna Akraneskaupstaðar á árinu 2023.

*Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss fór yfir helstu viðhaldsverkefni ársins 2023. Skipulags- og umhverfisráð þakkar rekstrarstjóra greinargóða kynningu.*

**3. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - norðurhluti**

Farið var yfir drög að skipulagi fyrir norðurhluta Dalbrautareits.

*Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi fór yfir drög að skipulagi á norðurhluta Dalbrautarreits. Skipulags- og umhverfisráð þakkar skipulagsfulltrúa fyrir greinargóða kynningu og felur henni að vinna málið áfram.*

**4. 2308070 - Endurgerð gatna 2024**

Farið yfir minnisblað með tillögu að endurgerð gatna 2024.

*Lárus Ársælsson umhverfisstjóra lagði fram drög að endurgerð gatna fyrir árið 2024. Skipulags- og umhverfisráð þakkar umhverfisstjóra kynningu og felur honum að vinna málið áfram.*

**5. 2308083 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Dælustöð fráveitu Skógarhverfi**

Minniháttar breyting á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 þar sem gert verði ráð fyrir nýrri dælustöð fráveitu við Lækjarskóga norðan íbúðarbyggðar í 5. áfanga Skógarhverfis. Breytingin er gerð samhliða breytingum á deiliskipulagi á Skógarhverfi 5. áfanga og á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna. Skilgreindur er nýr landnotkunarreitir I-243 fyrir veitumannvirkið.

*Skipulags og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin á aðalskipulagi sé óveruleg í skilningi skipulagslaga.*

*Málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**6. 2308082 - Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna - Breyting skipulagsmörk**

Breyting á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna felst í að skipulagsmörk eru færð til samræmis við breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 5. áfanga, þar sem afmörkuð er lóð fyrir dælustöð fráveitu við Lækjarskóga norðan íbúðarbyggðar. Jafnframt eru sett inn ofanvatnslausnir til samræmis við deiliskipulag Skógarhverfis 5. áfanga.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin á deiliskipulagi sé óveruleg í skilningi skipulagslaga.*

*Málsmeðferð verði samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.**